

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, íbúðarsvæði í landi Miðengis.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 11. ágúst 2011 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 2. mars 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 28. júlí 2011.

Í breytingunni felst að 1 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Miðengis við Álftavatn er breytt í íbúðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 10. ágúst 2011.*

**Hafdís Hafliðadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimundur Stefánsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2011